



Stöðuskýrsla – Skemmd á vatnslögn til Vestmannaeyja

Dagsetning:	30. nóvember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Staðan 30. Nóvember 2023

Þann 17. nóvember síðastliðinn rakst akkeri nóta- og togveiðiskipsins Hugins VE í vatnslögnina til Vestmannaeyja með þeim afleiðingum að hún skemmdist verulega. Við frekari skoðun á lögninni 24-26. nóvember komu stórfelldar skemmdir í ljós sem varð til þess að hættustigi Almannavarna var lýst yfir að morgni 28. nóvember.

Lögnin hefur færst mikið úr upprunalegri stöðu og á henni er 90° horn á einum stað. Hún er á lofti á löngum köflum, hlífðarkápa af á löngum köflum og stálgrindarlög sums staðar stórskemmd. Auk þess er lögnin lek á einhverjum stöðum.

Þrátt fyrir þetta skilar lögnin enna vatni yfir til Eyja. Engin skerðing er á afhendingu vatns eins og er en vegna eðlis og alvarleika skemmda er veruleg hættu á að lögnin rofni og afhending vatns stöðvist. Það er mat þeirra sem reka lögnina að á einhverjum tímamarki, þegar leki nær einhverju ákveðnu magni miðað við þrýsting, hætti lögnin að flytja vatn yfir í lagnakerfi Vestmannaeyja.

Veður getur haft veruleg áhrif á stöðu lagnarinnar þar sem hún hefur færst mikið úr stað, festingar og aðrar öryggisráðstafanir eru farnar.

Sem mótvægi er ætlunin að festa lögnina eins og hægt er þar sem hún er nú. Álag getur haft áhrif á stöðu lagnar. Til að koma á mótis við það hafa verið settar dælur á enda lagnar sem dæla úr lögninni og létta því á álagi.

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hefur sent stuðningshóp Almannavarna til Eyja til þess að aðstoða við skipulagningu og áætlanagerð.

Eins og staðan er í dag flytur vatnslögnin nægilegt magn vatns til þess að halda uppi eðlilegri notkun á kerfinu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.

Næstu skref Ferðamálastofu

Til stendur að Ferðamálastofa muni senda út stöðuskýrslur, á Aðgerðastjórn og Framkvæmdahóp, reglulega á meðan að við erum á Hættustigi.



Ferðamálastofa er að athuga bókkunarstöðu hjá helstu gististöðum í Vestmannaeyjum.

Líklegt er að Ferðamálastofa boði til fundar með Aðgerðastjórn ferðamála í byrjun næstu viku þar sem að farið verður yfir stöðuna á bæði Grindavík og Vestmannaeyjum.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.